

**3. gr.**

Stofnfé sjóðsins er 600 000.00 króna framlag stofnenda sjóðsins. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og skal hann ávaxtaður í verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs og í bankastofnunum og skulu ársvextir lagðir við höfuðstólinn fram til 1. janúar, 1981. Eftir þann tíma skal ársvöxtum varið sem hér segir: 1/3 hluti ársvaxta renni til Ketilsstaðaskóla í Dyrhólahreppi til bókakaupa fyrir bókasafn skólans eða til endurnýjunar á kennslutækjum fyrir skólann. 1/3 hluti til uppgræðslu lands í Mýrdal, 1/3 hluti ársvaxta fellur hverju sinni til höfuðstóls. Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum frá þeim mönnum, stofnunum eða félögum, sem vilja efla vöxt sjóðsins og styðja tilgang hans. Skal allt fé, sem sjóðnum áskotnast þannig jafnan lagt við höfuðstól.

**4. gr.**

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, tveir frá stofnendum sjóðsins eða afkomendum þeirra, oddvitar Dyrhólahrepps og Hvammshrepp og skólastjóri Ketilsstaðaskóla. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Hún hefir á hendi reikningsfærslu sjóðsins og ber ábyrgð á fé hans. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar hans undirritaðir af stjórn sjóðsins árlega og sendir sýslunefnd Vestur-Skaftafells-sýslu til athugunar.

**5. gr.**

Stjórnin heldur gerðabók og skulu í hana færðar allar fundargerðir, ályktanir og bréf, er hún ritar viðvíkjandi sjóðnum, svo og reikningar sjóðsins. Stjórnin varðveitir og öll bréf hans og önnur skjöl, er henni berast sjóðnum viðkomandi.

**6. gr.**

Eflist sjóðurinn svo, að verksviði hans verði meira en fullnægt, má færa verksviðið út, en jafnt á þær tvær greinar, sem verksvið hans kveður á um, þ. e. til skóla eða annarrar hliðstæðrar menningarstofnunar í Dyrhólahreppi og til landræktar í Mýrdal.

**7. gr.**

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 415 7. desember 1976, um friðunarsvæði við Ísland.

**1. gr.**

4. töluliður 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

4. Fyrir Vesturlandi allt árið á svæði, sem markast af línun, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 65°25' n. br., 27°00' v. lgd.
2. 65°26' n. br., 26°54' v. lgd.
3. 65°08' n. br., 26°48' v. lgd.
4. 64°39' n. br., 26°54' v. lgd.
5. 64°39' n. br., 27°02' v. lgd.
6. 65°03' n. br., 27°09' v. lgd.

**2. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 6.—8. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni

öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 80 3. febrúar 1977 um bann við togveiðum fyrir Vesturlandi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 18. apríl 1977.*

**Matthías Bjarnason.**

*Jón B. Jónasson.*

14. apríl 1977.

Nr. 178.

## REGLUR

um veiði göngusilungs í lagnet í sjó í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

1. Við silungsveiði í sjó má nota lagnet, sem lögð eru út frá strönd. Festa má ytri enda þeirra við stjóra í botni.
2. Bil milli silunganeta í sjó skal vera minnst 100 m. eftir endilangri strönd, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd lagnets. Í sundum milli strandar og eyja eða hólma skal bil milli neta eftir endilöngu sundi vera hið sama og að framan getur, hvoru megin sunds, sem net liggur.
3. Merkja skal silunganet í sjó. Skal veiðieftirlitsmaðurinn annast merkinguna.
4. Veiða má göngusilung í lagnet í sjó frá 1. apríl til 15. maí og frá 1. ágúst til 20. september ár hvert.
5. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 14. apríl 1977.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Sveinbjörn Dagfinnsson.*

Nr. 179.

## REIKNINGUR

Minningargjafasjóðs Landspítala Íslands 1976.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1976.

### G j ö l d :

Ýmis kostn. prentun o. fl. 1976 .....	kr.	308 592.00
Styrkveitingar árið 1976 .....	—	2 030 282.00
Tekjur til ráðstöfunar 1978 .....	—	6 000 000.00
Tekjur lagðar við höfuðstól .....	—	7 126 749.00
	Samtals kr.	15 465 623.00

### T e k j u r :

Samúðarskeyti Landsímans .....	kr.	9 225 840.00
- 15% til F. Í. S. ....	—	1 383 877.00
	kr.	7 841 963.00
Aðrar minningargjafir .....	—	63 400.00
Vaxtatekjur 1976 .....	—	7 560 260.00
	Samtals kr.	15 465 623.00